Leiðbeiningar um útfyllingu á eyðublaði Europass tungumálapassans

Áður en þú byrjar: almennar leiðbeiningar

Europass tungumálapassinn er staðlað form til þess að sýna fram á tungumálakunnáttu sína með því að nota Evrópurammann í tungumálum. Um er að ræða sjálfsmat þar sem kunnátta og notkun á viðkomandi máli eru skráðar, án þess að krafist sé staðfestingar. Ef þörf er á opinberu mati á kunnáttunni eða prófskírteinum er best að hafa samband við skóla sem kennir tungumál.

1. Fylgið uppbyggingu eyðublaðsins

- Tungumálapassinn gerir ykkur kleift að sýna fram á færni og réttindi ykkar í tungumálum á rökrænan hátt:
  - persónulegar upplýsingar: nafn (-nöfn), ftirnafn (-nöfn), móðurmál, önnur tungumál;
  - fyrir öll tungumál sem máli skipta:
    - sjálfsmat á tungumálafærni;
    - prófskírteini og viðurkenningar;
    - tungumála- og fjölmenningarleg reynsla.
- Breytið ekki orðalagi í fyrirsögnum.

2. Verið skýr og sjálfum ykkur samkvæm

- Hægt er að mynda sér álit á ykkur eftir nokkurra sekúndna lestur. Þess vegna skuluð þið:
  - vera stuttorð;
  - færa aðeins inn þá hluta menntunar ykkar og reynslu sem skipta máli.
- Eyðið öllu sem þið óskið ekki að fylla út. Til þess að eyða hluta, veljið „tafla” og síðan viðeigandi skipanir í ritvinnsluforriti ykkar.

3. Gerið raunhæft sjálfsmat

- Ofmat á færni ykkar er líklegt til þess að koma í ljós í viðtali eða á reynslutíma.
- Þegar þið afhendið einhverjum tungumálapassann, gleymið þá ekki að afhenda líka afrit af sjálfsmatsrammanum. Ekki er víst að viðkomandi þekki evrópsku viðmiðin.

4. Vandið útlit tungumálapassans

- Haldið ykkur við leturgerð og uppsetningu sem sett er í skjalinu.
- Varist að strika undir eða skrifa heilar setningar með hástöfum eða feitletraðar, slíkt hefur áhrif á hversu auðvelt er að lesa skjalið.
- Prentið tungumálapassann ykkar á hvítan pappír.

5. Farið yfir tungumálapassann þegar gerð hans er lokið

- Fjarlægið hugsanlegar ritvillur og gangið úr skugga um að hann sé skýrt og rökrænt orðaður.
- Biðjið einhvern annan að lesa hann til þess að ganga úr skugga um að innihaldið sé skýrt og auðskilið.

Allir reitir eru valkvæðir. Fjarlægið tóma reiti.

Skráðu fornafn (fornöfn) og eftirnafn (föður- og/eða móðurnafn), dæmi:

Jón Gunnar Sveinsson

Móðurmál	Annað/önnur tungumál
Skráðu móðurmál (eitt eða fleiri), dæmi:	Skráið annað/önnur tungumál, dæmi:
Íslenska	Spænska, franska, tékkneska

Skráðu tungumál, dæmi:

Spænska

Notið eina töflu fyrir hvert tungumál frá listanum „önnur tungumál“ hér að ofan. Til að bæta við töflu, klippið og límið upprunalegu töfluna með ritvinnsluforriti.

Sjálfsmat á tungumálafærni

Metið eftirfarandi (hlustun, lestur, færni við þátttöku í samtölum, færni til að gera ykkur skiljanleg, ritun) tilgreinið á hvaða þrepi þið eruð með því að nota meðfylgjandi sjálfsmatsramma.

Skilningur		Talmál		Skriftir
Hlustun	Lestur	Samræður	Spoken production	Writing
Skráðu þrep, dæmi: A1	Skráðu þrep, dæmi: A2	Skráðu þrep, dæmi: B1	Skráðu þrep, dæmi: C1	Skráðu þrep, dæmi: C2
Skráðu auðkenningu þreps, dæmi: Lágmarkskunnátta	Skráðu auðkenningu þreps, dæmi: Lágmarkskunnátta	Skráðu auðkenningu þreps, dæmi: Sjálfstæður notandi	Skráðu auðkenningu þreps, dæmi: Fær notandi	Skráðu auðkenningu þreps, dæmi: Fær notandi

* Greinið frá þrepi samkvæmt Samevrópskum matsramma fyrir tungumál.

Europass tungumálapassinn er hluti af Evrópsku tungumálamöppunni sem Evrópuráðið bjó til.

© Evrópusambandið og Evrópuráðið, 2004-2017 | europass.cedefop.europa.eu

Leiðbeiningar um útfyllingu á eyðublaði Europass tungumálapassans

Prófskírteini og viðurkenningar

Teljið upp ef þið hafið fengið skírteini eða viðurkenningarskjöl sem máli skipta. Upplýsið hver gaf þau út (hvaða stofnun gaf út skjalið eða skírteinið), dagsetning sem það var gefið út og Evrópuviðmið ef þau eru gefin upp á frumritinu. Ekki er búið að tengja öll tungumálaskírteini Evrópurammanum þannig að ef tungumálastig er ekki skráð á útskriftarskírteini, hafið þá samband við skólann sem gaf það út.

Titill	Stofnun sem gefur viðurkenningarð út	Dagsetning	Þrep*
Skráið titil prófskírteinis eða viðurkenningar, dæmi: Viðurkenningarskjal í spænsku sem erlendu máli (DELE)	Skráið nafn stofnunar sem gaf út skírteinið, dæmi: Háskólinn í Salamanca (Spáni)	Skráið útgáfudag, dæmi: Júní 2009	Skráið þrep, dæmi: B2

Tungumála- og fjölmenningarleg reynsla

Hér skuluð þið taka fram mikilvægustu tungumála- og fjölmenningarreynslu ykkar. Þessi reynsla sýnir hvernig þið hafið náð því þrepi sem þið eruð á. Hún getur verið innan fjölskyldunnar (samskipti við spænskutalandi ættingja til dæmis), í gegnum vinnu (samskipti við spænskutalandi viðskiptavini eða starfsþjálfun í spænskutalandi umhverfi) eða úr skóla o.s.frv.

Lýsing	Tímalengd
Notkun tungumála við nám eða þjálfun / Notkun tungumála í vinnu / Notkun tungumála við búsetu eða ferðalög erlendis / Túlkun milli ólíkra mála (eyðið þeirri reynslu sem ekki á við eða skrifið eigin texta): Skráið reynslu ykkar, dæmi: **Notkun tungumála við búsetu eða ferðalög erlendis:** Nemendaskipti í Bilbao: einn mánuður í sambúð með spænskri fjölskyldu	Skráðu dagsetningar (frá - til), dæmi: Júní 2010
Notkun tungumála við búsetu eða ferðalög erlendis: Reglubundin frí á Spáni	2006 - Nú

Samevrópski matsramminn fyrir tungumál - Sjálfsmatsrammi

		A1 Lágmarkskunnátta	A2 Lágmarkskunnátta	B1 Sjálfstæður notandi	B2 Sjálfstæður notandi	C1 Fær notandi	C2 Fær notandi
Skilningur	Hlustun	Ég get skilið algeng orð og einfaldar setningar um sjálfa(n) mig, fjölskyldu mína og nánasta umhverfi þegar fólk talar hægt og skýrt.	Ég get skilið setningar og algeng orð sem tengjast mér persónulega (t.d. persónulegar upplýsingar um mig og fjölskyldu mína, innkaup, nánasta umhverfi og atvinnu). Ég get skilið aðalatriðin í stuttum, skýrum og einföldum skilaboðum og tilkynningum	Ég get skilið aðalatriði venjulegs talmáls um efni sem ég þekki og tengjast vinnu minni, skóla, frístundum o.þ.h. Ég get skilið í grófum dráttum aðalatriði í mörgum útvarps- og sjónvarpsþáttum um málefni líðandi stundar eða efni sem tengjast mér persónulega eða faglega þegar talað er tiltölulega hægt og skýrt.	Ég get skilið langan málflutning og fyrirlestra, og get fylgst með frekar flóknum rökræðum ef efnið er mér kunnugt. Ég get skilið fréttir og flesta sjónvarpsþætti með fréttatengdu efni. Ég get skilið flestar kvikmyndir á stöðluðum mállýskum.	Ég get skilið langan málflutning jafnvel þegar talað er óskipulega og þegar samhengi er einungis gefið í skyn en ekki nákvæmlega skýrt tilgreint. Ég get skilið sjónvarpsþætti og kvikmyndir án mikilla erfiðleika.	Ég á ekki í neinum erfiðleikum með að skilja fólk hvort heldur þegar það talar eða þegar talað er í útvarpi / sjónvarpi, jafnvel þegar talað er hratt af þeim sem hafa tungumálið að móðurmáli, svo fremi sem ég hef fengið tíma til að venjast málhreimnum.
	Lestur	Ég get lesið kunnugleg nöfn, orð og mjög einfaldar setningar, t.d. á skiltum og veggspjöldum eða í bæklingum.	Ég get lesið stutta og einfalda texta. Ég get fundið tilteknar, fyrirsjáanlegar upplýsingar í einföldu, hversdagslegu efni, t.d. í auglýsingum, kynningarbæklingum, matseðlum og tímatöflum. Ég líka lesið stutt og einföld bréf.	Ég get lesið texta sem innihalda aðallega algeng orð úr daglegu lífi eða orðaforða sem tengist atvinnu minni. Ég skil lýsingar á atburðum, tilfinningum og óskum í persónulegum bréfum.	Ég get lesið greinar og skýrslur sem tengjast vandamálum samtímans þar sem fram koma ákveðin viðhorf eða skoðanir. Ég skil nútíma bókmenntatexta.	Ég get lesið langa og flókna texta og bókmenntaverk, og get greint stílbrigði. Ég get lesið sérfræðigreinar og lengri tæknileiðbeiningar, jafnvel þótt það tengist ekki mínu sérsviði.	Ég get auðveldlega lesið nánast allar gerðir skrifaðs máls, þar með talið fræðilega texta, setningafræðilega eða málfræðilega flókna texta eins og handbækur, sérfræðigreinar og bókmenntaverk.
Talmál	Samræður	Ég get tekið þátt í einföldum samræðum ef hinn aðilinn er reiðubúinn að endurtaka eða umorða hluti hægt og hjálpa mér að koma orðum að því sem ég er að reyna að segja. Ég get spurt og svarað einföldum, algengum spurningum og spurningum um kunnug málefni.	Ég get tjáð mig um einföld og fastmótuð verkefni sem þarfnast einfaldra og beinna tjáskipta um efni sem ég þekki. Ég get átt í einföldum orðaskiptum á félagslegum vettvangi, jafnvel þótt ég skilji ekki nóg til að halda samræðum gangandi sjálf(ur).	Ég get tekist á við flestar aðstæður sem geta komið upp á ferðalagi um svæði þar sem málið er talað. Ég get óundirbúin(n) tekið þátt í samræðum um efni sem ég þekki, hef áhuga á eða tengjast daglegu lífi (t.d. fjölskyldu, áhugamálum, starfi, ferðalögum og málefnum líðandi stundar.)	Ég get tekið þátt í samræðum af nokkru öryggi og án mikillar umhugsunar í reglulegum samskiptum við þá sem hafa málið að móðurmáli. Ég get tekið virkan þátt í umræðum um kunnugleg málefni, gert grein fyrir og haldið mínum skoðunum á lofti.	Ég get tjáð mig af öryggi og án mikillar umhugsunar eða orðaleitar. Ég get notað málið á sveigjanlegan og áhrifaríkan hátt bæði í félagslegum og faglegum tilgangi. Ég get sett fram hugmyndir mínar og skoðanir af nákvæmni og komið þeim kunnáttusamlega til annarra.	Ég get auðveldlega tekið þátt í öllum samræðum og umræðum með því að beita orðatiltækjum. Ég get tjáð mig af öryggi og komið fínni merkingartilbrigðum til skila. Ef ég lendi í vandræðum get ég farið til baka og umorðað setninguna á svo hárfínan hátt að varla sé eftir því tekið.
	Talmál	Ég get notað einföld orðasambönd og setningar til þess að segja frá búsetu minni og fólki sem ég þekki.	Ég get myndað nokkrar setningar til þess að lýsa fjölskyldu minni og öðru fólki á einfaldan hátt, sagt frá búsetu minni, menntun og þeirri vinnu sem ég stunda eða hef stundað.	Ég get tengt saman orðasambönd á einfaldan hátt til þess að lýsa reynslu og atburðum, draumum mínum, væntingum og framtíðaráformum. Ég get rökstutt stuttlega og útskýrt ákvarðanir mínar og fyrirætlanir. Ég get sagt sögu eða sagt frá söguþræði í bók eða kvikmynd og lýst viðbrögðum mínum.	Ég get gefið skýra og nákvæma lýsingu á ýmsum hlutum sem tengjast mínu áhugasviði. Ég get útskýrt skoðanir mínar á málefnum sem eru ofarlega á baugi og lýst bæði kostum og göllum við mismunandi valkosti.	Ég get gefið skýrar, nákvæmar lýsingar á flóknum málefnum í mörgum liðum, rætt ákveðin atriði og dregið saman í viðeigandi niðurstöður.	Ég get á skýran hátt og reiprennandi gefið lýsingu á eða rökrætt á þann hátt sem hentar samhenginu og notað málið á áhrifaríkan hátt til að hjálpa þeim sem hlustar að taka eftir og leggja mikilvæg atriði á minnið.
Skriftir	Skriftir	Ég get skrifað stutt, einfalt póstkort, t.d. sent stuttar kveðjur úr leyfi. Ég get fyllt út eyðublöð með persónulegum upplýsingum eins og nafni, þjóðerni og heimilisfangi á skráningareyðublöðum hótela.	Ég get skrifað stutta minnispunkta og skilaboð. Ég get skrifað mjög einfalt bréf, t.d. þakkarbréf.	Ég get skrifað einfaldan samfelldan texta um efni sem ég þekki eða hef áhuga á. Ég get skrifað bréf sem lýsa reynslu og hughrifum.	Ég get skrifað skýra, nákvæma texta um ýmis efni sem tengjast áhugasviði mínu. Ég get skrifað ritgerð eða skýrslu, komið upplýsingum á framfæri eða fært rök fyrir eða gegn ákveðnu sjónarhorni. Ég get skrifað bréf og lagt áherslu á mikilvægi ýmissa atburða og reynslu.	Ég get tjáð mig skriflega með skýrum og vel samsettum texta af tiltekinni lengd og komið þannig ákveðinni skoðun á framfæri. Ég get skrifað um flókin efni í bréfi, ritgerð eða skýrslu og lagt áherslu á það sem ég tel vera mikilvæg málefni. Ég get valið mér ritstíl sem hentar þeim lesendahópi sem ég hef í huga.	Ég get skrifað skýran og lipran texta í ritstíl sem hæfir tilefninu. Ég get skrifað flókin bréf, skýrslur eða greinar þar sem áhrifarík uppbygging er notuð til að setja málið fram á þann hátt að það hjálpi lesandanum að taka eftir og muna aðalatriði. Ég get skrifað útdrætti og ritdóma um sérfræðitexta eða bókmenntaverk.

© Evrópusambandið og Evrópuráðið, 2004-2017 | europass.cedefop.europa.eu